

Skapstygg próventukerling bjó hér

Í torfbænum Glaumbæ í Skagafirði bjó áhugavert fólk á seinni hluta 19. aldar, líka krakkar. Þar áttu Myllu-Kobbi og Ropa-Katrín leið um, skondnar manneskjur sem koma fyrir í barnabókinni Sumardagur í Glaumbæ, en henni er ætlað er að veita innsýn í líf og störf barna á árum áður frá sjónarhóli barns.



Samvinna Jérémy og Berglind saman í gamla bænum á prestsetrinu í Glaumbæ í Skagafirði.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khk@mbl.is

Þetta skrifaði sig nánast sjálf, því efniviðurinn er svo góður,“ segir Berglind Þorsteinsdóttir, safnstjóri í Glaumbæ í Skagafirði, en hún sá um að skrifa texta í barnabók sem Byggðasafn Skagafirðinga gefur út. Franski listamaðurinn Jérémy Pailler sá um myndskreytingu og bókina, sem heitir *Sumardagur í Glaumbæ*, er söguleg saga þar sem segir frá einum degi í lífi barna á prestsetrinu Glaumbæ í Skagafirði.

„Aðalpersónan í bókinni er Sigg

litli, sonur vinnufólks á bænum, og Jóhanna vinkona hans, en hún er barnabarn prestsins, séra Jóns. Þetta eru því raunverulegar persónur á bak við söguna og hundurinn Ysja fylgir þeim Sigga og Jóhönnu þegar þau hitta áhugavert fólk. Þar á meðal er Myllu-Kobbi, en hann er ótrúleg persóna sem var til. Jakob Jónsson hét hann og var þekktur förumaður hér í Skagafirði. Hann var alltaf á ferðinni með systur sinni Rönku og bar hana gjarnan á bakinu. Myllu-Kobbi var mjög sérkennileg persóna, hann var alltaf með þrjá hatta á höfði



og var grálúsugur. Til er ljósmynd af Myllu-Kobba og einnig eru til góðar lýsingar á honum, fyrir vikið var dásamlegt fyrir Jérémy að túlka hann í teikningum sínum,“ segir Berglind sem fann aðra förurkonu í raunheimum til að hafa í sögunni, sú heitir Ropa-Katrín.

„Hún var úr Fljótunum en fór á milli bæja í Skagafirðinum og ropaði mikið og hátt. Hún bað alltaf um kaffi því hún sagði kaffisopa það eina sem lagaði ropann. Þetta eru skemmtilegar manneskjur úr raunheimum og við notumst við setningar sem hafðar



Förufolk Myllu-Kobbi með Rönku systur sína á bakinu, hér í túlkun Jérémy.

eru eftir þeim,“ segir Berglind og bætir við að ein sérkennileg persóna í viðbót sé í sögunni, en hún bjó í Glaumbæ.

„Þetta var skapstygg próventukerling sem var svo þreytt á hama-ganginum í skólastrákonum að einn morguninn gusaði hún úr hlandkoppnum sínum yfir strákana. Allt frá því hefur herbergið þar sem hún svaf verið kallað Gusa. Efniviðurinn er frábær hér í Glaumbæ til að búa til skemmtilega barnabók og við kynnum í bókinni fyrir krökkum ýmislegt sem ekki túlkast lengur, eins og til dæmis leggjábú barna.“

Jérémy heilladist af gamla torfbænum

Berglind segir að hinn franski Jérémy sé mikilvirkur myndlistarmaður sem vinni að ólíkustu verkefnum, meðal annars hafi hann unnið fyrir Disney.

„Hann hefur komið þrisvar áður til að starfa á Íslandi og hann er gjörsamlega heillaður af landi og þjóð. Hann tók þátt í verkefni í Kakalaskála, sem er sögu- og listasýning hér í sveitinni, þegar

þangað komu 13 alþjóðlegir listamenn sem dvöldu í listbúðum í skálanum og unnu að sýningu um sögu Þórðar kakala. Þar sem tengdaforeldrar mínir standa fyrir því framtaki, María Guðmundsdóttir og Sigurður Hansen, var ég mikið í kringum listafólkið og kynntist þeim vel. Ég bauð þeim í Glaumbæ og þá heillaðist Jérémy af torfbænum og hann fékk þessa hugmynd strax að vinna verkefni með okkur og safninu. Við tókum því vel og hugmyndin þróaðist og varð að þessari barnabók sem fjallar um lífið í torfbænum,“ segir Berglind og bætir við að bókina sé gefin út á fjórum tungumálum, íslensku, ensku, frönsku og þýsku.

„Hún er ríkulega myndskreytt og gaman að geta kynnt menningararfinn okkar í gegnum þessa bók. Þetta er ekki einvörðungu barnabók, hún er fyrir alla fjölskylduna og tilvalin gjöf til erlendra vina eða fyrir ferðamenn til að taka með sér heim eftir dvöl á Íslandi. Við erum að skipuleggja listsýningu út frá myndverkunum sem verða til sýnis í Glaumbæ núna um helgina. Við erum með hugmyndir um að vinna með þessa bók í safnkennslu, taka á móti hópum skólubarna hér á safninu og leiða þau í gegnum Glaumbæ út frá myndum og framvindu í bókinni. Þannig geta krakkarnir fengið þetta beint í æð.“



Fúl Skapstygg próventukerlingin.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. september 2021, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 6. september 2021 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. september 2021, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendi framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafrirtækni, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. september 2021

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum